- 1) Á la page 13, LA VOIX, utilise en général l'imparfait et dit ici par exemple: « Vois-tu, se plaisait-il à dire plus tard, les rôles, ce (et maintenant il utilise le présent) sont les dieux qui les distribuent à certains et pas à d'autres, on doit comprendre quand on est acteur... ». J'ai choisi le subjonctif pour traduire les mots soulignés, par exemple: ...“ *maður yrði að gera sér grein fyrir því þegar maður væri leikari...*“. Ainsi la phrase sonne plus naturelle en islandais.

Conclusion

C'était un immense plaisir de faire la connaissance d'Ariane Mnouchkine et de sa troupe pendant le travail sur ce mémoire. Avoir la vie totalement dans le théâtre, c'est comme un rêve quand on aime cette expression artistique. Dans le Larousse, accessible sur internet, on peut lire une citation de Jean-Louis Barrault : « Le théâtre est le premier sérum que l'homme ait inventé pour se protéger de la maladie de l'angoisse ». Ariane Mnouchkine a choisi une vie dans ce rêve et avec elle un grand nombre des comédiens, quelqu'uns pour longtemps mais d'autres pour moins longtemps. Les méthodes d'Ariane Mnouchkine, même si elles sont astreignantes pour certains, ont permis de créer une des plus grandes troupes théâtrales au monde. Mais n'est-ce pas ainsi pour tout ce qu'on désire? On doit exiger le meilleur de soi-même et des autres. Et si l'on n'est pas totalement passionné pour le théâtre, il vaut mieux alors se trouver une autre mission.

Le Théâtre du Soleil a une histoire longue et pleine d'aventures et de créations magnifiques mais sa mission n'a jamais été oubliée, toucher les cœurs des spectateurs. Elle sait que l'on ne change pas le monde en une nuit de spectacle, mais il est possible à travers le théâtre d'éclairer, donner les moyens de mieux comprendre ce qui n'est pas clair et peut-être changer un peu la pensée à travers les cœurs.

Ariane Mnouchkine a dit qu'elle avait voulu créer un théâtre élitaire pour tous et elle y a réussi à plusieurs égards. Le public est venu voir les spectacles par milliers. On peut trouver plusieurs entretiens avec elle dans les médias diverses où elle ne parle pas seulement des pièces qu'elle a mise en scène mais aussi des méthodes elle utilise au théâtre, par exemple de l'importance de respecter les planches et de l'outil de l'acteur, le corps. Elle parle aussi de l'importance de la création collective au Théâtre du Soleil et de l'importance de la discipline que le travail théâtral exige, mais elle rajoute que ce travail n'est pas possible sans l'amour parce que «... tous les personnages, tous, ont une âme complète [...] que chaque personnage d'une pièce contient tous les autres [...] Tout le monde est complet ». ³⁹ Pour accueillir un personnage, il faut l'aimer, qu'il soit odieux ou pas. Le théâtre devient ainsi une leçon d'amour au sein d'un monde qui en a besoin.

³⁹ Josette Féral, *Dresser un monument à l'épémère, rencontres avec Ariane Mnouchkine* (Paris:Éditions THEATRALES,1995,2001), p. 45.

Deuxième partie: Traduction d'une partie de la pièce

Naufragés du Fol Espoir

Skipbrot brjálaðra vona

(dagrenning)

eftir

leikhóp Théâtre du Soleil

í samstarfi við

Hélène Cixous

lauslega byggt á sögu Jules Verne

Les Naufragés du Jonathan

eða

Skipbrot Jónatans

Listi yfir persónur

Háaloft brjálaðra vona

Sumar 2009

Kona

Önnur kona

Sumar 1914

Starfsmenn

Félix Courage	eigandi kaffihússins Brjálaðra vona
Ungfrú Marthe	hægri hönd Félix Courage
Ungfrú Adele	
Ravisharanarayanan, kallaður Ravi	starfsmannastjóri
Bonheur	kambódíski starfsmaðurinn
Farouk	bakarinn frá Babylon
Ulysse	vínþjónninn frá Languedoc
Ungfrú Marguerite	stofustúlka
Ungfrú Flora	unga skúringakonan
Josef	austurríski þjónninn
Jerome	vikapilturinn
Ungfrú Rosalia	þjónustustúlka
Ungfrú Eszther	ungverska kassadaman
Ungfrú Fernanda	þjónustustúlka
Ungfrú Victoire	þjónustustúlka
Akira	fastagesturinn

„Listamennirnir“

Herra Louis	skjallari hjá Félix
Herra Camille Bérard	tónlistarmaðurinn
Fröken Mary Danaher	sérfræðingur í hvellhettum og reyk
Anita	áhættuleikkona
Suzanne	hin áhættuleikkonan
Herra Vassili	rússneski málarinn
Jeannot	litli sjónhverfingamaðurinn og blaðsöluþingurinn

Kvikmyndagerðarfólkið

Herra Jean Lapalette	kvikmyndagerðarmaður
Frú Gabrielle	systir Jean Lapalette, kvikmyndagerðarkona
Herra Tommaso	líka kvikmyndagerðarmaður
Herra Ernest Chouber, t borið fram Schubert	leikari
Herra Alix Bellmans	sýningarstjóri Lapalette systkinanna
Herra Dauphin	hárgreiðslumaður

Kvikmyndin

30.janúar 1889

Í Mayerling

Erkihertoginn Rodolphe af Hafsbúrg-Lóraníu

Josef, ekill erkihertogans Rodolphe af Hafsbúrg-Lóraníu

Erkihertoginn Jean Salvatore frá Hafsbúrg -Toskaníu, kallaður Kaw-djerinn, í
bók Jules Verne

Maria Vetsera, ástkona erkihertogans Rodolphe af Hafsbúrg-Lóraníu

Ungur austurrískur morðingi

Annar ungur austurrískur morðingi

Fulltrúi leyniþjónustu Austurríkis

Annar fulltrúi leyniþjónustu Austurríkis

Skósveinn

Annar skósveinn

1895

Í Windsor kastala

Victoria drottning

Sir Charles Darwin, annálaður, breskur náttúrufræðingur

Lord Salisbury, forsætisráðherra breska heimsveldisins

Winstin Churchill, ungur skjaldsveinn Victoriu drottningar

Ungfrú Blossom

Bryti Windsor kastala

Síka vörður frá Indlandi

Annar síka vörður frá Indlandi

Farþegar Brjálaðra vona

Frú Paoli, ítalskur brottflytjandi

Herra Paoli, ítalskur brottflytjandi

Amalia Paoli, dóttir þeirra

Armando Paoli, brjálaði sonurinn

Emelyne Jones, sósíalisti og femínisti

Prófessor John Jones, velskur prestur, kristinn sósíalisti

Rachel, fræg óperusöngkona, eiginkona Simons Gautrain

Émile Gautrain, bankaeigandi og iðnjöfur

Simon Gautrain, bankaeigandi og verkfræðingur

Louise Ceyrac, eiginkona Pierre Ceyrac

Pierre Ceyrac, landfræðingur, sósíalisti og draumóramaður

Marat Razine, galeiðuprællinn, hugmyndafræðingur með „bolsévískar tilhneigingar“

Anna, kennslukonan

Manuel, kennarinn

Gervaise, verkakonan í sinnepsverksmiðjunni

Toni, húsgagnasmiður-trésmiður

Jenkins, sauðfjárræktandi

Faðir Matthew, írskur prestur

galeiðupræll

annar galeiðupræll

Antoine, bílstjóri Rachelar

Hjúkrunarkona Rachelar

Áhöfn Brjálaðra vona

Skipstjórinn, yfirmaður skipsins

Skipslæknirinn

Ian O'Brian, háseti

Patrick O'Leary, háseti

Billy, skipsdrengrinn

Ungur háseti

Háseti

Huang Huang Hshing, kínverskur starfsmaður í þvottahúsinu

Hafnarstarfsmaður

Vikapiltur á skipinu

Á norðurströnd Beagle flóa

Ríkisstjóri Patagóníu

Rodrigo, einkaritari ríkisstjóra Patagóníu

Herrera, sérlegur fulltrúi lýðveldisins Argentínu

Segarra, sérlegur fulltrúi lýðveldisins Chile

Lieutenant Laurence, sendimaður Bresku ríkisstjórnarinnar

Á suðurströnd Beagle flóa

Sá sem allir héldu að væri dáinn (erkihertoginn Jean Salvatore af Hafsbúrg-Toskaníu)

Systir Augustine,

Systir Magnanime

Yuras, ungi indíáninn

Móðir Yurasar

Anju, systir Yurasar

Octavio, argentínskur ævintýramaður

Lusconi, argentínskur ævintýramaður

Lobo, argentínskur ævintýramaður

Sumarið 2009, háaloft

1.atriði

(Tvær konur birtast í dimmuni)

FYRSTA KONA

Varið yður á þrepinu. Það er heitt hérna. Hitinn stígur hingað upp. Hvað er það nákvæmlega sem þér eruð að skoða?

ÖNNUR KONA

Það er fyrir doktorsritgerðina mína. Ég er að rannsaka það sem kallað var *Uppfræðslukvikmyndir til handa alþýðunni* árið 1914. Þessi hreyfing varð reyndar ekki langlíf. Ég er að leita að tilraunahljóðupptökum sem afi minn á að hafa sent heim frá víglínunni til Camilles nokkurs Bérard.

FYRSTA KONA

Æ já! Camille, tónlistarmaðurinn. Mamma mín þekkti hann meira að segja, hann var víst mjög, mjög gamall þegar hann dó. Mikið óskaplega er dimmt hér. Getum við ekki kveikt svolitla ljóstýru. Þarna! Sjáið til, ég er þó alls ekki viss um að hverju þér leitið!

ÖNNUR KONA

Gamlar plötur úr fénoplasti.

FYRSTA KONA

Fénoplasti! Þá eru þær mjög gamlar!

ÖNNUR KONA

Já, einmitt. Það gæti verið þetta! Hafið þér tæki sem hægt er að setja þetta í.....

FYRSTA KONA

Já, ég kom með þetta. Ég vona að þetta virki ennþá!

ÖNNUR KONA

Afi minn talaði oft við mig um þetta háaloft!

FYRSTA KONA

Móðir mín líka.

(Hún setur plötuna á fóninn. Það heyrir snarkandi rödd)

RÖDD

Minn kæri gamli Camille. Við bíðum. Okkur leiðist. Þú gætir ekki ímyndað þér hitann undir þessum níðþungu búningum. Þú sem klæðist eflaust enn léttum bómullarfötunum.

FYRSTA KONA

Er þetta afi yðar?

RÖDD

Ég bara vona að þú haldir því ekki til streitu að skrá þig í herinn hvað sem það kostar. Láttu ekki eins og bjáni. Trúðu mér, það er þegar við komum til baka sem við munum þarfnast þín, í þeirri einu baráttu sem er einhvers virði, baráttunni um listina, um kvikmyndirnar og menntun alþýðunnar. Við getum ekki hætt við það sem vantar enn uppá. Það sem við höfum upplifað gamli vinur! Í skotgröfinni hugsa ég stöðugt til alls þess sem við höfum brallað og segi vesalings félögum mínum sögur af ævintýrum okkar en þeir hafa aldrei kynnst öðru eins. Ég fékk fréttir af Felix. Hugsaðu þér, hann er búinn að munstra sig sem kokk í tólftu herdeildinni. Þeir eru heppnir, þeir munu éta betur en við sem ekkert fáum að borða. Bíddu, þú getur aldrei giskað á hver er við hliðina á mér, hlustaðu!

ÖNNUR RÖDD

Blessaður Camille minn, hlustaðu nú elsku vinurinn:

„Á fögrum sunnudagsmorgni á kaffihúsinu,

Verður slegið upp veislu, ást í loftinu

En til að mætast á hinum Brjáluðu vonum

Þá er það ekki stríðið sem þarf að heyja

heldur ráðast að rótum samfélagsvandans“

Sjáumst síðar gamli minn. Stappaðu tvisvar með klossunum og ég kem að vörmu spori!

RÖDD

Já, þú giskaðir rétt! Þetta er gamli góði Louis. Jæja, nú hætti ég. Ég bið vel og innilega að heilsa Jean og sérstaklega Gabrielle. Segðu henni að ef hefði Marguerite ekki verið í spilunum þá hefði ég gifst henni.

FYRSTA KONA

Er Marguerite amma yðar?

ÖNNUR KONA

Það er vegna hennar sem ég er ítölsk.

FYRSTA KONA

Þér eruð aldeilis heppnar að hafa fundið þetta!

ÖNNUR KONA

Mætti ég fá þær lánaðar?

FYRSTA KONA

Auðvitað! Þetta er fjársjóður!

ÖNNUR KONA

Já! Kærar þakkir frú!

FYRSTA KONA

Nú förum við niður og fáum okkur kaffisopa. Marthe, amma mín, hefur ekki sagt mér nein ósköp, ég veit bara að Félix Courage, yfirmaður hentar, arfleiddi hana að veitingastaðnum og öllu, rétt eftir fyrri heimsstyrjöldina. Varaðu þig á þrepinu!

(Sumar 1914, sama háaloft. Felix birtist efst í stiganum sem liggur frá veitingastaðnum og síðan birtast starfsmennirnir einn af öðrum)

FÉLIX

Varaðu þig, varlega. Louis! Louis!

LOUIS

Herra Felix, vinsamlega gætið að yður....

FÉLIX

Rólega. Ekki skrámu. Ekki reka það utaní. Louis, engan asa. Varlega, varlega, varlega, varlega. Varlega! Rólega! Varúð! Varúð!

(Alix, Louis, Josef og Dauphin rakari koma með einmitt rétta skrifborðið fyrir fyrsta atriðið)

Já, já, rólega. Setjið það niður, setjið það niður hvar sem er, setjið það niður, niður. Ekki skráma. Ekki koma neins staðar við. Skúffurnar, skúffurnar. Alix, Þú sem ert ráðsmaðurinn hjá Herra LaPalette, þetta er lán. Það þarf að passa vel uppá þetta. Konan mín á þetta.

RÖDDIN

Minningar afa míns hefjast á Brjáluðum vonum þann 28. júní 1914. Við höfðum aldrei upplifað svo bjart sumar.

(Starfslið Brjálaðra vona kemur leikmyndinni fyrir fyrsta atriði myndarinnar fyrir. Gabrielle, systir Jean, er líka á þönum. Allir hrífast með í gleðinni yfir ævintýrinu sem er í vændum)

JEAN LAPALETTE

Gabrielle! Hvar er kvikmyndatökuvélin?

RÖDDIN

Brjálaðar vonir var nafnið á fallegasta veitingastaðnum á bökkum Marne árinna. Umsjónarmaður hans var Felix Courage, lítill, hamingjusamur maður sem elskaði ákaflega hið nýja listform sem var að koma fram á þessum tíma: kvikmyndalistina.

(Tommaso hefur komið með kvikmyndatökuvélina)

Hann var því ekki í nokkrum vafa þegar hann bauð fram starfsfólk sitt og háaloft, ókeypiss, til hóps kvikmyndagerðarmanna. Þetta voru La Palette systkynin, Jean og Gabrielle, og æskuvinur þeirra, Tommaso. Vegna listræns og pólitísku ágreinings höfðu þau yfirgefið Pathé, hið völduga framleiðslufyrirtæki, með látum og, ef ekki hefði verið fyrir Felix, hefðu þau verið án samanstads og án framtíðar. Felix hafði róið að því öllum árum að koma á fót listrænum kabarett á háaloftinu sínu, eins og komist var að orði, á þessum tíma.

(Vassili flögrar um allt, stjórnar komu verks síns, málverks sem hann gerir að tillögu sinni að verði sýnt í fyrsta atriði)

Það var þarna meira að segja rússneskur listmálari.....

FÉLIX

Vassili!

RÖDDIN

...sem hafði, að því er virtist, unnið fyrir sjálfan Diaghilev!

(Jean fylgist með öllu, málverkið veldur honum vonbrigðum)

JEAN LAPALETTE

Það er allt of lítið...

(Jeannot, Bonheur et Jérôme koma upp frá veitingastaðnum klæddir eins og ópokkar. Marta kemur hlaupandi inn og leitar að Félix á loftinu)

MARTHE

Viðskiptavinirnir fara að koma herra Félix!

FÉLIX

Fröken Marthe hefur rétt fyrir sér. Við þurfum að opna! Þjónustan! Þjónustan!
Veitingastaðurinn! Og viðskiptavinirnir, það má ekki gleyma þeim!

(Jean LaPalette skoðar ópokkana. Veitingastaðurinn er honum ekki ofarlega í huga en það er kvikmyndin hins vegar. Ópokkarnir taka sér stöðu aftan við málverkið þó að allt starfslið Brjálaðra vona hraði sér niður til að þjóna hinum fjölmörgu viðskiptavinum veitingahússins)

GABRIELLE

Herra Vassili, við verðum að svindla.

(Gabrielle athugar hvernig hægt er að nota málverk sem er augljóslega ónothæft á sama tíma og hún þeytist á milli portsins og garðsins til að stýra þeim sem eru á hvorum stað fyrir sig. Hún nýr saman höndunum, leið yfir að valda Vassili vonbrigðum)

Það er of lítið. Það hentar ekki.

(En Vassili hefur ekki sagt sitt síðasta, hann er með viðbætur segir hann, og fer til að ná í þær. Það er komið með tjald fyrir kassana)

TOMMASO

Jean, viltu kassana áður eða á eftir?

JEAN LAPALETTE

Á sama tíma!

TOMMASO

Á sama tíma? Stórkostlegt! Alix, þú sérð um þetta.

GABRIELLE

Camille, ef þú vildir vera svo væn, tónlist fyrir erkihertogana tvo. Schubert, Louis, sýnið smá viðleitni!

(Schubert og Louis koma frá vinnusalnum)

RÖDDIN

Schubert, afi minn, sem var leikari, og Louis Demestère, skjallarinn frá veitingastaðnum, áttu að leika erkihertogana tvo sem voru frændur.

(Gabrielle leikstýrir Schubert. Vassili hefur loks tekist að stækka málverkið með viðbótunum. Josef, austurríski þjóninn, kemur skrifborði erkihertogans fyrir)

En þrátt fyrir að Gabrielle leikstýrði honum með ástríki og fagmennsku, var honum ljóst að Jean var allt of taugaóstyrkur. Hlutverk erkihertogans átti sýnilega ekki við hann. Honum fannst hann allt í einu of gamall, of afundinn, jafnvel of franskur... Á meðan Josef, sem hafði verið falið annað hlutverk, var augljóslega austurrískur.

(Schubert áttar sig, sættir sig við orðinn hlut, tekur í höndina á Josef, tekur af honum svuntuna og réttir honum hvíta erkihertogavestið sitt. Nokkurs konar sefjun. Hin horfa á, full þakklætis)

Hann gerði grín að þessu síðar og sagði: Sjáið til, hlutverkum er úthlutað af guðunum til sumra og ekki annarra, maður yrði að gera sér grein fyrir því þegar maður væri leikari...

(Gabrielle tárast, svo djúpt er hún snortin af þessari göfugu athöfn)

GABRIELLE

Takk, Schubert.

(Louis hrósar Josef og fer með hann að vinnusvæðinu til að taka af honum sminkið. Félix lætur gleði sína í ljós)

FÉLIX

Það er Josef sem mun leika erkihertogann! Við erum með erkihertoga í húsinu!

(Spenntir, taka starfmenn Brjálaðra vona sér stöðu efst í stiganum. Félix notar tækifærið til að kynna áhættuleikkonurnar fyrir Lapalette)

Komið hingað báðar tvær. Þessar tvær ungu loftfímleikakonur leika listir sínar fyrir framan húsið mitt daginn út og inn. Já, svona, komið hingað. Og þið hin, ekki missa af þessu! Þið getið byrjað! Tökuvélin horfir á ykkur.

(Anita kynnir. Þær byrja á stuntsúmerinu sínu. Það er rosalegt. Þær eru ekki hræddar við byltur, það er augljóst)

ANITA

Suzanne og Anita. Einfalt högg, tvöfalt högg, tvöfalt högg með sitt hvorri...tvöfalt högg með hléi og falli...gróft þrefalt högg, fylgt eftir af ofsa. Högg hvirfilvindsins í hefndaræði!

(Það er strax ljóst. Þær munu koma að gagni)

JEAN LAPALETTE

Gott. Takk fyrir dömur mínar. Gabrielle...

GABRIELLE

Mjög gott. Þið eruð ráðnar. Farið og sækið matarmiðana ykkar hjá Félix. Forréttur, aðalréttur og eftirréttur. Vín með korktappa, en ekki hvað sem er.

ANITA

Takk fyrir.

GABRIELLE

Þið skuluð þakka Félix.

(Félix ljómar)

JEAN LAPALETTE

Og núna, allir á sinn stað. Dyrnar!

(Lofþimleikakonurnar, sem eru þegar byrjaðar, koma með frönsku gluggana í höllina)

Látið stóra tjaldið síga fyrir mig!

(Shubert kemur Josef fyrir í leikmyndinni, smávegis af snjó er komið fyrir á grindverkinu. Sumir koma sér fyrir aftan við kvikmyndatökuvélina. Sumir taka áhættuna á að vera á sviðinu. Þeir uppgötva það smám saman)

RÖDDIN

Jean hélt tölu. Hann talaði við þau um sósóalisma, um samvinnu, um bræðralag. Um endalaus baráttu. Hann talaði við þau um Evrópu, um veröldina í framtíðinni, um Frakkland, um listina, um kvikmyndirnar. Hann talaði við þau um dagrenninguna, flugvélar, síma. Hann talaði við þau um framfarir sem ekki var hægt að stöðva, um læknisfræðina sem bráðlega myndi lækna alla sjúkdóma, um hamingjuna sem komandi kynslóðir myndu lifa við.

(Allir eru hátíðlegir og hrærðir. Þetta er stór dagur. Ferðin er hafin. Tríoinu Jean, Gabrielle og Tommaso, fallast hendur, síðan taka þau sér stöðu)

JEAN LAPALETTE

Gabrielle, snúðu sveifinni.

GABRIELLE

Ég sný sveifinni Jean.

JEAN LAPALETTE

Camille! Nú byrjum við!

(Fyrsta atriði hefst. Tónlistarmaðurinn Camille spilar, með sinni eigin tónlist og tónlist tímabilsins, undir tilfinningum, ástríðum, æðisköstum, skipbroti, endurfundum og aðskilnaði. Leikararnir leika "þögult")

VEGGSPJALD

Mayerling, 1889. Veiðikofi Hafsbúrgarættarinnar.

JEAN LAPALETTE

Ekilinn Josef kemur inn.....

EKILLINN

Frændi yðar, hinn hágöfgi erkihertogi Jean Salvatore, yðar hátign.

RODOLPHE

Í gær var ég með keisaranum, verstí dagur ævi minnar!

JEAN SALVATORE

Af hvaða tilefni?

RODOLPHE

Í tilefni af þessum nýju lögum. Ungverskum liðsforingjum er gert skylt að þjóna Þýskalandi.

JEAN SALVATORE

Fræ byltingarinnar! Hann vill espa Ungverjana upp!

RODOLPHE

Það var það sem ég sagði honum! Hann hækkaði bara röddina: Þú spillti sonur! Öskraði hann. Hann ásakar okkur, þig og mig! Við erum RAUÐU erkihertogarnir!
UPPREISNARPRINSAR! Sem lesum DÓNALGAR bækur!

JEAN SALVATORE

Dónalegar bækur?

RODOLPHE

Marx! Sá gyðingur! Sá kommúnisti! Sjálfur faðir minn hótar mér með gálganum! Hann er orðinn púðluhundur Bismarcks! Bráðum verður Vín orðin úthverfi Berlínar! Við förum rakleiðis í stríð við Rússland!

JEAN SALVATORE

Hvað viltu gera?

RODOLPHE

Ég vil skrifa opið bréf.

JEAN SALVATORE

Til keisarans?

RODOLPHE

Til alls keisaradæmisins!

(Kvikmyndagerðarmennirnir, atvinnumennirnir eða þessir upprennandi, eru spenntir, hreyfingarlausir, gagnteknir)

JEAN LAPALETTE

Dyrnar!

(Frönsku gluggarnir hverfa)

JEAN SALVATORE

Alvöru stefnuyfirlýsingu áttu við?

RODOLPHE

Ég vil umfram allt segja frá öllu. Lýsa því yfir hvernig Austurríki Randolphe mun verða. Þú hjálpar mér.

GABRIELLE

Jean, prófum þetta, rennum hægt út í garðinn.

(Gabrielle og Jean renna vélinni eftir ójöfnum sleðanum)

RODOLPHE

Hvar byrjum við?

JEAN SALVATORE

Á grundvallaratriðunum.

RODOLPHE

Ég vil algjört frelsi. Þú gerir þér grein fyrir því.

JEAN SALVATORE

Hugsanafrelsi, ritfrelsi, trúfrelsi, það er: aðskilnað Ríkis og Kirkju.

RODOLPHE

Faðir minn springur í loft upp. Menntun fyrir alla.

JEAN SALVATORE

Dauðarefsingin. Við afnemum hana.

RODOLPHE

Allt sem er grimmdarlegt og niðurlægjandi, afnema! Athugasemd. Blásu til stríðs!

JEAN SALVATORE

Við erum friðarsinnar, en gagnvart þjóðernishyggju...

RODOLPHE

Ég kalla eftir breytingum á bandalögum. Bindumst örlagaböndum við Frakkland og Bretland. Endum þýska samvinnu, já endum innlimun Austurríkis undir vald Þýskalands.

(Camille lætur klukku hringja)

JEAN SALVATORE

Flýtum okkur, klukkan er orðin eitt. Hverju gleymum við? Nýlenduríkjunum. Eigum við að tala um þau?

RODOLPHE

Hvernig! Ég er algjörlega á móti nýtingu nýlendna. Skrifaðu það.

JEAN SALVATORE

Við erum að fara á móti skoðanastraumnum.

RODOLPHE

Skoðunum hverra? Hvar eru skoðanir verkamanna, listamanna?

(Þeir skrifa eins og óðir væru. Josef er upptekinn við að leika, hann er Rodolphe. Louis er líka orðinn leikari, spámaður, skáld, hetja)

JEAN SALVATORE

Evrópa!

RODOLPHE

Já. Evrópa! Þarna skaltu gera innblásinn kafla og um fram allt upplýsandi. Gegn blæðandi þjóðernishyggju, þörfnumst við evrópskrar ættjarðarástar!

JEAN SALVATORE

Finndu fyrir mig Victor Hugo, ræðuna hans frá 1849 um Bandaríki Evrópu. Við gerum ekki betur en það!

RODOLPHE

Hvar er Victor Hugo?

MARIA

Að hverju ertu að leita?

RODOLPHE

Æ Marie, þarna ertu, ástin mín...

MARIA

Ég er alltaf hérna.

RODOLPHE

Finndu Hugo fyrir mig. Ræðurnar hans...

MARIA

Gerðu svo vel.

RODOLPHE

„Sá dagur mun koma þegar vopnin munu snúast í höndum ykkar! Sá dagur mun koma þegar stríð munu virðast út í hött og vera jafn óhugsandi milli Parísar og London, milli

Pétursborgar og Berlínar, milli Vín og Toríno, og það er óhugsandi í dag að Rúðuborg og Amiens berist á banaspjótum...“.

JEAN SALVATORE

„Á tuttugustu öldinni verður til þjóð sem verður engri lík. Þetta verður stór þjóð. Hún verður rík, hugsandi, alúðleg við restina af mannkyninu. Höfuðborg þessarar þjóðar verður París og hún mun ekki kalla sig Frakkland lengur; hún mun kalla sig Evrópu. Hún mun kalla sig Evrópu á tuttugustu öldinni, og, á komandi öldum, þegar hún hefur tekið enn frekari breytingum, mun hún kalla sig Mannkynið“. Í dag er 1889. Þetta sagði hann fyrir fjörutíu árum!

MARIA

Guð minn góður, hvílík hamingja! Þessi nótt er svo full af fyrirheitum!

(Ekillinginn birtist aftur á sjónarsviðinu)

EKILLINN

Erkihertogar mínir! Hanninn galar.

RODOLPHE

Við höfum ekki lokið við þetta.

JEAN SALVATORE

Við verðum að klára þetta. Skrifaðu undir.

RODOLPHE

Hvernig á ég að skrifa undir?

JEAN SALVATORE

Rodolpe frá Hafsbúrg-Lóraníu, erkihertogi Austurríkis, erfðaprins austurrísk-ungverska keisaradæmisins. Grætur þú?

RODOLPHE

Þetta er í fyrsta skipti sem ég skrifa undir í eigin nafni en ekki undir dulnefni sem leyniþjónustumaður.

EKILLINN

Eigum við ekki að drífa okkur, elskulegu erkihertogar?

JEAN SALVATORE

Við munum koma öllum heiminum á óvart.

RODOLPHE

Á morgun kæri frændi, til Vínar!

(Fyrirvaralaust, leggur Jean, utan myndsviðs, dagblað á handriðið á svölunum)

JEAN LAPALETTE

(Við Jósef)

Hann sér dagblaðið!

(Rodolpe sér dagblaðið)

RODOLPHE

Þýskaland þrefaldar framlag sitt til hernaðar! Ef ég læt undan á morgun og gef eftir þessa hergagnavæðingu, verður okkur fleygt í stríð sem mun eyðileggja alla Evrópu í langan tíma.

MARIA

Ég hef aldrei séð þig reiðan áður. Þú ert miklu myndarlegri í dag en þú varst í gær.

(Pau kyssast)

RODOLPHE

Og ef verkefnið okkar væri ekki bara draumur tveggja skálda?

MARIA

En þið eruð ekki bara tveir. Með mér erum við þrjú. Með Josef ekkli erum við fjögur. Skriði það niður.

RODOLPHE

Ég verð uppiskroppa með blek!

MARIA

Ég fer að leita að bleki fyrir þig.

(Maria hverfur úr mynd)

RODOLPHE

Þegar Karl Marx sagði að moldvarpa ásækti Evrópu, þá vissi hann ekki að það væri ég, erkihertoginn!

(Rodolphe skrifar. Allt í einu heyrir skarkali þar sem Louis ber inn kassa með skotfærum. Breytingar á atburðarás eru hrópaðar við undirleik Camille)

GABRIELLE

(Með skjálfsandi röddu)

María kemur inn í mynd!

(María kemur aftur, andlitið er þakið blóði og hún fellur í fang Rodolphe. Jean kallar á Jeannot og Bonheur)

JEAN LAPALETTE

Morðingjar!

(Tveir litlir óþokkar birtast og drepa Rodolphe)

FYRSTI MORÐINGI

Þau eru steindauð.

ANNAR MORÐINGI

Við stóðum okkur vel. Látum okkur hverfa. Eftir hverju ertu að bíða?

FYRSTI MORÐINGI

Að lappirnar á mér jafni sig. Mér brá svo.

ANNAR MORÐINGI

Hugsaðu um peningana.

(Fyrir aftan þá hafa nýsnararnir komið í ljós. Þeir skera morðingjana á háls, fjarlægja líkin, hirða alla pappírana og láta líta út fyrir að glæpurinn sé sjálfsmorð, allt þetta í einni svipan með dásamlegum undirleik Camille)

VEGGSPJALD

Endir á fyrsta atriði.

(Allir anda léttar)

JEAN LAPALETTE

Takk fyrir!

(Tangotónlist hljómar frá veitingastað Félix. Tango var í tísku á þessum tíma. Allir þykjast dansa og um leið er sviðið tæmt af leikmunum. Starfsfélagar Josef óska honum til hamingju. Þau eru hreykin af honum. Marthe kemur aftur upp með ávexti og kökur í boði Herra Barrocas, dragspilsleikarans. Gabrielle og Jean dansa, Tommaso fer að stilla upp kvikmyndatökuvélinni, síðan kemur hann aftur til að dansa við Gabrielle)

JEAN LAPALETTE

Farðu og klæddu þig í karlmannsföt Gabrielle, ég finn á mér að okkur mun vanta leikara...

GABRIELLE

(Steinrunnin)

Í karlmannsföt!

(Gabrielle og Tommaso hraða sér í vinnustofuna)

JEAN LAPALETTE

Alix, við skulum byrja að leggja annað atriðið!

ALIX

Ef þið viljið gjöra svo vel, staðsetning!

(Það heyrir of mikið í tónlistinni frá veitingastaðnum)

Dyrnar, ef þið viljið gjöra svo vel. Dyrnar...

(Einhver niðri lokar dyrunum að veitingastaðnum)

JEAN LAPALETTE

Gott, takið nú eftir. Þegar ég skellti á eftir mér hurðinni hjá Pathé framleiðslufyrirtækinu, sór ég að ég myndi gera þessa kvikmynd eftir bók sem okkar frábæri Jules Verne skrifaði, sama hvað hver segði, með öllum þeim sem vildu gera hana með mér...með góðu fólki, með atvinnulausum, með verkamönnum! Og það er það sem við ætlum að gera!!

RÖDDIN

Og af fullum krafti, byrjaði Jean að skipuleggja áframhald kvikmyndarinnar. Ravi, yfirmaður starfsfólksins ætlaði að leika skipstjórnann. Unga loftfimleikakonan var Amalía. Ulysse, vínþjónninn var Ceyrac. Rosalia lék Louise,

konu hans. Adele fékk hlutverk kennslukonunnar Önnu. Bonheur, ungi kambódíski bókarinn, lék unga indíánann. Marthe, hægri hönd Félix, varð Gervaise. Og Alix, sýningarstjóri Jean, lék herra Jones, enska erindrekann, annan morðingja og Antoine, bílstjóra Gautrain bræðra.

(Schubert kynnir Margréti fyrir Jean)

Schubert kynnti Margréti. Fallega ítalska konan sem þvoði gólfina á veitingastaðnum, druslan eins og það var kallað á þeim tíma, varð óperusöngkonan Rakel.

(Eszther, ungverska kassadaman, kemur með dagblað til Tommaso)

Það var 29. júní 1914. Um eftirmiðdaginn höfðu dagblöðin tikynnt um morðið í Sarajevó á François-Ferdinand, erfingja austurrísk-ungversku krúnunnar, og eiginkonu hans.

(Eszther og Josefganga aftur yfir sviðið með dagblaðið. Þau eru í hrókasamræðum og virðast mjög áhyggjufull. Jean og Tommaso eru áfram einir)

Engum virtist sérlega hlýtt til François-Ferdinand sem, öfugt við Rodolphe í kvikmyndinni, var samkvæmt Tommaso bara virkilegur drullusokkur. En ef þessari árás, sem framin var af Bosníuserba gegn Austurríki, var stjórnað af Þýskalandi til að refsa Serbíu, gat það haft alvarlega afleiðingar.

TOMMASO

Jean, þetta er virkilega gott fyrir Vilhjálm II. Hann mun eigna Austurríki til óhæfuverka.

JEAN LAPALETTE

Tommaso, byrjaðu nú ekki aftur, slepptu mér við Þýskalandi! Við þurfum að búa til kvikmynd og ég ætla að taka atriðið um flóttu Rakelar. Það er ekki enn búið að leggja það. Ég veit að þú ert mér ekki sammála um undirbúninginn en við ætlum að skjóta atriðið! Vassili, tjaldið!

(Vassili setur niður tjaldið með himninum)

Louis, bíllinn!

LOUIS

Gerðu svo vel!

(Bíllinn birtist. Hann var búinn til á einni nóttu. Gabrielle birtist í gervi karlmanns)

JEAN LAPALETTE

Gabrielle...

(Gabrielle í hlutverki Alexandre bandar frá sér óþolinmóð)

GABRIELLE

Alexandre!

JEAN LAPALETTE

(Við Marguerite)

Gott. Þér eruð Rakel, óperusöngkonan fræga, kona Simonar, annars Gautrain bræðranna. Sloppin úr haldi hans, þér hafið flúið fjölskyldusetrið til að þurfa ekki að fara um borð í þetta fjadans skip! Er það ljóst? Allt í einu, þegar hún kemur til Saint John Calvary, vegna þess að við erum í Englandi, hvað sér hún þá? Eiginmann sinn sem ræðst inn í vagninn! Schubert, ertu með?

(Ravi er bakvið Jean, yfir sig kominn af gleði og ef til vill dálitlu áfengi)

RAVI

Jean, Jean, það er ég sem ætla að leika skipstjórann!

JEAN LAPALETTE

Auðvitað veit ég að þú ætlar að leika skipstjórann! Það var ég sem valdi þig í hlutverkið!

(Ravi, sem er ofsakátur lyftir Jean á loft og kyssir hann. Jean brýst um)

Þetta er orðið gott. Gabrielle!

GABRIELLE

Alexandre!

JEAN LAPALETTE

Snúðu sveifinni.

GABRIELLE

Bílstjórinn er of hátt uppi! Of hátt...

TOMMASO

Lækkið bílstjórann! Meira! Derhúfan. Ennþá lægra.

(Bílstjórinn lækkar þannig að hann hverfur næstum úr rammanum)

GABRIELLE

Ég sé rassinn á þér!

ALIX

Ég skil.

(Alix dregur sig í hlé, skriðandi á fjórum fótum)

GABRIELLE

Svona, þetta er mjög gott.

JEAN LAPALETTE

Ágætt, Schubert, ert þú tilbúinn? Gabrielle!

GABRIELLE

A-lex-and-dre! Þú sagðir mér að klæðast karlmannsfötum! Ég heiti Alexandre!

JEAN LAPALETTE

Snúðu sveifinni!

GABRIELLE

Hún snýst.

JEAN LAPALETTE

Camille. Áfram með smjörrið!

(Schubert tekur frumkvæði. Hann stillir sér upp fyrir framan kvikmyndavélina með útrétta arma og galopinn munn)

Stop! Hvað í ósköpunum ertu að gera?

SCHUBERT

Ég er að stöðva vagninn!

JEAN LAPALETTE

Þú kemur mér á óvart, þú sem alltaf ert svo hlédrægur, svo yfirlætislaus... ég skil þig ekki. Ekki gera að gamni ykkar. Ég þoli engar tafir.

(Ravi er ennþá að kitla Jean)

Já! Þú leikur skipstjórnann! Jæja, tökum þetta aftur...

TOMMASO

(gefur Schubert merki)

Jean, hversvegna kemur hann úr þessari fjarlægð?

JEAN LAPALETTE

Já, hvers vegna kemurðu úr þessari fjarlægð?

GABRIELLE

Þá kemurðu of seint inn í rammann!

(Jean verður sífellt óþolinmóðari. Hann vill fá atriðið sitt)

JEAN LAPALETTE

Schubert! Gabrielle!

(Gabrielle er alveg brjáluð)

GABRIELLE

Nú sparka ég í punginn á þér!

(Hlæjandi heldur Ravi áfram að kássast utaní Jean sem verður bálreiður)

JEAN LAPALETTE

Farðu frá augunum á mér Ravi!

(Ravi er fjarlægður)

Alexandre, sveifin!

GABRIELLE

Hún snýst!

JEAN LAPALETTE

Áfram nú! Já, hann birtist!

(Schubert stoppar vagninn)

Henni býður við honum. Marguerite, henni býður við honum, skiljið þér? nei, nei! Stop!
Marguerite, ég veit að þetta er erfitt fyrir yður, en þetta er atriði um nauðgun í

hjónabandi heldri borgara! Hún þolir ekki lengur að hafa hann fyrir augunum! Þennan loddara sem kemur fram við hana eins og hverja aðra hóru. Gott, tökum aftur. Alexandre! Schubert! Camille!

GABRIELLE

Hún snýst...

JEAN LAPALETTE

Settu hendina á brjóstið á henni! Hann er viðbjóðslegur, hún vill þetta ekki. Hún hrindir honum harkalega frá sér! Maguerite! Hún hrindir honum frá sér! Hrindir! Öfugt við að toga til sín. Nei, nei, ekki svona! Ekki svona!

(Heillaður hópurinn verður vitni að ást við fyrstu sýn milli Schubert og Marguerite. Jean snýst örvinglaður í hringi)

Nei, nei, nei! Stop! Fjandinn hafi það! Marguerite! Hvað er í gangi, Tommaso? Þetta er mikilvægt atriði. Þetta er atriði sem getur komið upp um... hvað? Hvað, Gabrielle, Alexandre? Þess vegna erum við hérna! Það er hlutverk kvikmyndagerðarmannsins að komast inn í einkalíf tilfinningalausra kapítalista, sem misnota konurnar sínar og verkamennina sína, yfirmenn sem láta börn þræla í verksmiðjum... í Englandi.

(Við Ravi sem heldur áfram að angra hann)

Láttu mig í friði!

(Við alla)

Finnst ykkur þetta eðlilegt? Svona! Við tökum strax aftur! Schubert, brjóstið! Alexandre! Camille snúið sveifinni!

GABRIELLE

Hún snýst!

JEAN LAPALETTE

Svona, hún hatar hann! Henni verður óglatt af honum! Nei, ekki glatt, óglatt! Nei, nei. Ekki svona! Ekki svona! Stop! Stop!

(Elskendurnir tveir detta úr vagninum og veltast um á gólfinu)

GABRIELLE

Fröken, ef þér viljið gjöra svo vel, hættið! Tommaso, hættið! Hættið! Tommaso!

TOMMASO

En það er þarna sem hún verður áhugaverð.

GABRIELLE

Nei! Tommaso, þetta er búið! Þetta er búið! Fröken! Þetta er búið! Fröken! Schubert!

(Alexandre hylur þau með laki)

RÖDDIN

Afródíta, gyðja kvikmyndanna hafði náð tökum á þeim og hafði þau á valdi sínu. Enginn gat lengur haldið aftur af þessu flæði ástríðna sem streymdi um svið Brjálaðra vona.

(Schubert og Marguerite standa upp)

FÉLIX

(fullur aðdáunar)

Frábært! Hvílk áræðni! Rafmagnað eins og sagt er! Bravó! Marguerite, þú ert Brjáluðum vonum til sóma!

(Schubert fer aftur að kyssa Marguerite og dregur hana baksviðs)

GABRIELLE

Schubert! Buxurnar þínar! Í guðanna bænum!

JEAN LAPALETTE

Allt í lagi! Ég gefst upp. Ég samþykki þetta.

GABRIELLE

Þið eruð vitni, hann samþykkir þetta.

JEAN LAPALETTE

Afsakið mig! Fyrirgefðu Tommaso, fyrirgefðu Camille. Rachel elskar manninn sinn þrátt fyrir að hann sé hræðilegur kapitalískur bankastjóri! Hvílk tilfinningasemi!

(Vagninn er tekinn útaf. Allir eru þreyttir nema Camille sem glamrar á píanóið, prófar sig áfram með tónlistina. Hann hættir aldrei að leita að hinni fullkomnu melódíu, hinum fullkomna takti fyrir hverja tilfinningu)

RÖDDIN

Fólk hefði gjarnan viljað fara að sofa en það varð að viðurkenna hið augljósa, það vantaði enn leikara.

GABRIELLE

Jæja, við erum með Rachel, en það vantar Toni, verkamanninn.

LOUIS

Verkamanninn? Ég fer og athuga hvað ég finn niðri.

(Louis fer niður á veitingastaðinn. Flora réttir Camille bakka)

FLORA

Ég er búin að halda þessu heitu fyrir þig herra Camille.

(Félix kallar á Floru sem fer aftur til hans en hefði heldur viljað tala meira við einn af kvikmyndagerðarmönnum þremur. Í hvert skipti sem henni er um það bil að takast það kemur Félix í veg fyrir það. Hann sendir hana niður)

GABRIELLE

Við getum ekki byrjað á morgun án Toni. Við erum að gera sósíalíska mynd.

TOMMASO

Og verkamaðurinn...

JEAN LAPALETTE

... sá sem er fulltrúi fyrir gervalla stétt verkamanna um borð í skipinu...

GABRIELLE

... einmitt, sá og hinn sami, við erum ekki lengur með hann.

(Louis kemur aftur upp með Vassili sem einnig er dauðþreyttur. Hann fer með hann til LaPalette)

LOUIS

Ég fann þetta.

GABRIELLE

Herra Vassili. Takið þennan texta, komið, við skulum athuga hvort þér eruð fær um að gera kvikmyndir. Við erum að leita að verkamanninum.

(Tommaso rúllar út dregli og liggur þar kyrr)

Jean, Tommaso, því lengur sem við bíðum, því verra verður það. Herra Vassili, takið yður stöðu á miðju sviði ef þér viljið gjöra svo vel. Á miðju sviði. Teppið þarf að koma nær.

(Tommaso hefur ekki orku til að draga teppið)

Þetta er fullkomið.

JEAN LAPALETTE

Lesið, lesið.

VASSILI

Ia ploho gavariou po franzuski...

TOMMASO

Kannski þarf að hvísla að honum, Jean...

GABRIELLE

Jæja, ef það þarf að hvísla að honum þarf það að vera krókóðílahvísl af því að myndavélin tekur alveg að hnjánum á honum. Það þarf að gera krókóðíl alveg niður við jörð.

(Vassili leggst niður)

Neeeeeeiiii, ekki þér, ekki þér! Jean þú verður krókóðíllinn.

(Jean fer niður á fjóra fætur)

Ég skal útskýra þetta fyrir yður, hann, krókóðíllinn, les fyrir yður textann. Þér, þér hlustið á hann, grípið hljómfallið, af því hann les textann, þér hlustið á hann, þér leikið, þér hlustið, þér leikið, hann heldur áfram, hann stoppar ekki, þér hlustið, þér leikið. Eitt í einu. Jæja, ég leik Jean. Jean tekur krókóðíllinn. Og þér gerið það sem þér eigið að gera. Ég þarf að hugsa um sveifina. Ég sný sveifinni. Beygðu þig krókóðíll. Gerið svo vel!

JEAN LAPALETTE

„Ég þarf að segja dálítið...“

GABRIELLE

Ekki hendina! Ekki hendina! Takið eftir, við byrjum aftur, klippa. Það er ég sem sný sveifinni. Þér, þér leikið. Látið ekki hljóð út fyrir yðar varir. Nei! Ég ætlaði að segja: þegar þér talið, þá megið þér ekki framkalla hljóð, aðeins hreyfa munninn. Er það ljóst? Ég þarf að hafa hugann við sveifina, ég sný sveifinni, Gerið svo vel!

(Vassili byrjar aftur að hreyfa handlegginn)

JEAN LAPALETTE

„Ég þarf að segja dálítið...“

GABRIELLE

Ekki horfa á hann!

JEAN LAPALETTE

„Einn daginn verkamaður, næsta dag tukthúslimur...“

GABRIELLE

Hættið með þennan handlegg! Ah! Klippa! Herra minn, ef þér viljir gjöra svo vel, mælirinn er fullur, við verðum árásargjarnir ef þetta heldur svona áfram. Ef þér viljið gjöra svo vel. Þér horfið ekki á hann. Þér horfið ekki á tókuvélina. Þér horfið á það sem þér sjáið. Skiljið þér? Textinn lætur yður sjónsviðið í té! Skiljið þér!

JEAN LAPALETTE

Ekki öskra Alexandre, þú setur hann út af laginu...

GABRIELLE

Ég þarf að einbeita mér. Sleppum þessu. Ég þarf að hugsa um sveifina.

(Vassili getur greinilega ekki sleppt því að hreyfa handlegginn)

Ekki þér!

(Jean berst við hann. Tommaso róar hann en er sjálfur með krepptan hnefa)

Herra minn, þetta er ekki gamanmynd. Verið sannur og einlægur. Hugsið um það sem þér segið. Sjáið fyrir yður það sjónsvið sem þér þurfið. Ekki horfa á krókódílinn. Hlustið og leikið! Hlustið og leikið...

TOMMASO

Veit hann hvað hann á að segja? Ég meina...

JEAN LAPALETTE

Ég segi honum hvað hann á að segja!!

TOMMASO

En hvað með innblásturinn? Veit hann hvað innblástur er?

GABRIELLE

Það er það sem tökuvélin á að sýna! Jean! Ekki standa upp! Hvað sem gerist, þá heldur þú áfram að vera krókódíll! Niður með handleggina!

(Jean hefur lagst á gólfið. Það mætti halda að hann svæfi)

Gott, ég sé um sveifina. Ég sný sveifinni. Gjörið svo vel.

JEAN LAPALETTE

„Einn daginn verkamaður...“

GABRIELLE

Farðu með textann!

JEAN LAPALETTE

„...næsta dag tukthúslimur“.

TOMMASO

Aðeins með vörunum!

JEAN LAPALETTE

„Ég hef áhuga á réttlætinu!“ Hafið það eftir mér! Hafið það eftir mér!

GABRIELLE

Jean, ég drep hann, ég drep hann! Neeeeeii! Ekki horfa á hann! Hættið þessu með handlegginn!

(Tommaso dregur teppið þangað sem Vassili bendir)

Jean, haltu mér! haltu mér! Ég vil ekki brjóta tökuvélina!

JEAN LAPALETTE

Lyftu hnefanum! Já, svona! svona!

(Vassili finnur loksins hina réttu uppreisn verkamannsins)

Loksins! Takk. Já! Já!

(Sigur! Vassili getur leikið verkamanninn. Allir á dekk til að setja upp fyrir útskipunina. Landgangurinn og himininn yfir Cardiff eru settir á sinn stað)

Svona nú! Allir á bryggjuna! Leiknum er ekki lokið!

RÖDDIN

Allir vildu fá hlutverk, allir skyldu fá hlutverk. Louis hafði gert leikmyndina, Vassili hafði málað himininn fyrir brottförina. Jean hafði samþykkt allt, það var ekki lengur tími fyrir duttlunga. Ezsther, ungerska kassadaman vildi endilega leika hjúkrunarkonuna, og líka Suzanne. Það var samkeppni.

(Louis hoppar á pöllum og landganginum til að prófa þá)

Það var verið að skapa list, það var verið að skapa vinsæla list, það var verið að búa til kvikmynd, fólk var hamingjusamt.

(Schubert og Marguerite, hamingjusamari en nokkru sinni, birtast arm í arm. Eins og alltaf er Félix allsstaðar)

FÉLIX

Hver vill kaffi?

JEAN LAPALETTE

Ó Félix! Takk. Haltu á eltiljósinu fyrir mig gamli minn...

RÖDDIN

Það átti að kvikmynda uppgöngu útflytjendanna í skipið, fallegan morgun árið 1895. Það voru svo margir að fara frá Ítalíu, Hollandi og Þýskalandi að Jean hefði getað valið Hamborg, Rotterdam, Palermo eða Genúa, en hann hafði valið Cardiff.

(Anita æfir sig í að toga í Jeannot með lyftibúnaði)

Jeannot, litli blaðsöludrengurinn, lék léttadrenginn Billy.

FÉLIX

Jean? Hvern á ég að elta?

JEAN LAPALETTE

Þú hlýtur að vita það! Ég get ekki alltaf sagt öllum allt! Svona, farið í ykkar stöður. Ó já, Endurkastararnir! Gott. Gabrielle?

(Jean getur ekki verið eina mínútu án Gabrielle. Hann verður alltaf að vita hvar hún er og hvað hún er að gera)

GABRIELLE

(Frá vinnusvæðinu)

Já Jean. Ég er að koma!

(Allir eru stilltir, hljóðir, einbeittir)

JEAN LAPALETTE

Ef þið viljið gera svo vel, hættið að iða, hættið að hvískra. Ungfrú Mary, Ég býst við öðru af yður. Og þú, Schubert, við græðum ekkert á þessu. Er allt ljóst? Allt í lagi. Verið róleg!!

(Þegjandi, með augun kringlótt af eftirvæntingu, horfa allir á hann)

Þetta tjald er ekki á sínum stað, Vassili!

(Tjaldinu er komið fyrir aftan við landgöngubrúna)

(Við Jerome)

Jerome, þegar þér eruð tilbúinn með endurskinið.

(Jérome kemur sér fyrir á meðan Gabrielle kemur fram úr vinnustofunni, með Tommaso á hælunum, og kemur sér fyrir aftan við tökuvélina)

GABRIELLE

(Við Jean)

Fyrst segirðu mér að breyta mér í karlmann og svo verð ég að breytast aftur í konu...
Erum við að koma að léttadrengrum?

JEAN LAPALETTE

Já, við erum að koma að léttadrengrum. Gabrielle, snúðu sveifinni.

GABRIELLE

Ég sný sveifinni Jean.

JEAN LAPALETTE

Camille, vinur minn. Drífum í þessu!

(Camille gefur merki. Léttadrengrurinn skrúbbar þilfarið)

VEGGSPJALD

Billy léttadrengrur skrúbbar landganginn af ákafa. Hann er að hefja sína fyrstu langferð.

JEAN LAPALETTE

Skipstjóri!

(Skipstjórinn gengur upp landganginn)

Ljósið á hann!

VEGGSPJALD

Skipstjórinn á skipinu er órólegur... Hann hefur frétt að Gautrain bræðurnir, þekktir iðnjöfrar, eigendur saltpétursnáma í Chile, hafi borgað útgerðarmanninum hans fyrir að breyta siglingaleiðinni. Þess vegna þarf að fara fyrir hinn uggvænlega Hornhöfða. Billy er himinlifandi: Hornhöfði! Ég verð þá raunverulegur sjómaður! Þú gleðst, en ég, segir skipstjórinn, ég hef áhyggjur af þér strákur! Þú ert of ungur til að horfast í augu við slíkan háska, og ég er of gamall. Hvað snertir fallega skipið mitt, þá er það ekki byggt fyrir þvílíkt hamsleysi.

JEAN LAPALETTE

(Kallar)

Rachel!

SKIPSTJÓRINN

Ah, þarna er frú Rachel! Hin fræga óperusöngkona! Frú, þér komið í þessa erfiðu ferð, þrátt fyrir viðkvæma heilsu yðar sem öll dagblöðin tala um?

RACHEL

Herra skipstjóri, ástrík eiginkona verður að fylgja eiginmanni sínum. Ég er ástrík eiginkona, ég leik hlutverk mitt fram í rauðan dauðann.

(Simon Gautrain birtist á bryggjunni)

Ó Simon!

(Simon fer til Rachelar á landganginum og heilsar skipstjóranum)

SKIPSTJÓRINN

Herra Gautrain, eitt orð! Ég vona að gull bróður yðar, sem þvingar okkur til að fara vesturleiðina til Ástralíu, muni ekki leiða okkur til glötunar!

SIMON

Vesturleiðina, á þessum árstíma? Hvers vegna? Ég vissi það ekki... Þér kunnist að bjarga okkur frá glötun, er það ekki skipstjóri...

(Simon fer órólegur um borð í skipið og skilur skipstjóran eftir angistarfullan)

VEGGSPJALD

Því næst bölvaði skipstjórinn þessum peningum sem gátu breytt örlögum skipsins.

JEAN LAPALETTE

Stopp!

(Ravi er sem lamaður. Hann hreyfir hvorki legg né lið. Hann er sem í álögum)

Ravi...

GABRIELLE

Ravi! Við erum hérna... komdu aftur til okkar...

(Ravi kemur aftur til sjálfs sín og hlær hrossahlátri)

JEAN LAPALETTE

Já! Skipið okkar er við það að fara að sigla.

(Það má ekki gefast upp, það verður að halda áfram með þessar tükur. Þeim hefur skilist að þetta sem þau eru að gera verður að framkvæma hvíldarlaust. Á meðan stillt er upp fyrir næstu töku kennir Gabrielle Louis á sveifina, það má heyra slitur úr samtali þeirra á milli)

GABRIELLE

Louis, komdu með mér. Í uppgöngunni þarf ég að leika, Jean leikur, Tommaso leikur, Schubert leikur, svo að þú verður að bera ábyrgð á tókuvélinni til bráðabirgða. Taktu nú vel eftir...

LOUIS

Ég er örvhentur...

GABRIELLE

Skiptir ekki máli! Það sem skilur á milli góðs tókumanns og hinna, er hversu jafnt höndin snýr sveifinni. Vinstri eða hægri, alveg sama! Til að halda góðum takti, syngjum við hergöngumars með sjálfum okkur.

JEAN LAPALETTE

Gabrielle, getum við loksins haldið áfram í andskotans nafni!

GABRIELLE

Ó! Hvílíkur asni. Tommaso, ef þú vilt gjöra svo vel, hafðu auga með Louis.

(Gabrielle fer til hópsins á sviðinu. Þeir eru allir tilbúnir sem farþegar, bíðandi með ferðatöskurnar sínar)

TOMMASO

Louis, snúðu sveifinni.

LOUIS

Hún snýst herra Tommaso.

TOMMASO

Alix, áfram nú! Camille...

(Það er taka)

RÖDDIN

Jean vildi sjá alla þá sem léku söguhetjurnar í myndinni, safnast sama niðri í lestinni. Herra og frú Jones, klerkinn og Emelyne konu hans. Kennslukonuna Önnu. Landfræðinginn Ceyrac, sósíalíska draumóramanninn, og konu hans, Louise. Barnakennarann Manuel, sem var þegar farinn að leita að konunni sinni, alltaf áhyggjufullur, þegar orðinn afbrýðissamur. Skipið tók þau öll í fang sitt. Sinnepsframleiðandann Gervaise og unga manninn hennar, Toni, svo hugaðan og vongóðan um framtíðina. Paoli fjölskylduna, gamalt par frá Sikiley... og dóttur þeirra Amaliu. Þau höfðu týnt syni sínum um borð og leituðu hans alls staðar áhyggjufull.

JEAN LAPALETTE

Hana, lítið á örlög þessara sikileysku, velsku og frönsku verkamanna og bænda.

RÖDDIN

Faðirinn Matthew var þegar orðinn sjóveikur. Hásetarnir voru farnir niður til að halda uppi röð og reglu. Hjúkrunarkona reyndi að sefa þorstann, kvíðann. Ferðin yrði erfið. Háseti hrópaði: "Hó! Þið þarna!" Þeir áttu að koma aftur upp með Ítalina þrjá, sagði hann, skipstjórinn væri að kalla á þá. Þau höfðu ekki rétt á að vera þarna. Það væri búið að finna son þeirra. Einhverjir farþegar reyndu að skipta sér af, mótmæla. En þrátt fyrir mótbárur þeirra voru þau hrifin upp úr iðrum skipsins.

JEAN LAPALETTE

Þjappið ykkur sama! Hleypið þeim framhjá, í guðs nafni. Þjappið ykkur saman!

(Það er beðið eftir lokahljómunum í tónlist Camille. Þar sem hann liggur er Jean gagnstekinn af krafti þeirrar sýnar sem hann óskaði sér en sem hefur farð fram úr öllum hans vonum. Hann þegir stundarkorn, og á meðan horfa þau, sem nú eru komin í

fimmta klassa á Brjáluðum vonum, á hann gegnum kýraugun og bíða eftir úrskurði hans, galopnum augum)

Já, jæja. Búum okkur undir að halda áfram.

(Flora kemur með dagblaðið til Tommaso)

RÖDDIN

Flora kom, eins og alltaf, með Humanité, dagblað Jaures, til Tommaso. Hún hefði gjarnan viljað vita hvað það var sem gerði þau sem voru niðri órógleg. Eins og Tommaso, sem hafði áhuga á pólitík, hafði séð fyrir, hafði Vilhjálmur II gripið tækifærið til að hegna Serbíu og sagt við Frans -Jósep keisara að „hann myndi, undir öllum kringumstæðum, halda tryggð við Austurríki-Ungverjaland“. Þetta var stríðsyfirlýsing.

(Tommaso hikor við að sýna Jean, sem er tilbúinn að leika Émile Gautrain á fyrsta farrými, hið ógnandi dagblað. Þegar hann sér hann svona glaðlegan, hættir hann við. Gabrielle, tilbúin í hlutverk frú Paoli, er ekki enn komin á sinn stað og er að stjórna fram á síðustu mínútu áður en hún kemur inn í ramma)

GABRIELLE

Allir á sinn stað. Louis, þú sérð um sveifina.

LOUIS

Hún snýst...

GABRIELLE

Camille, ég stóla á þig.

(Camille kinkar kalli)

Gerið þið svo vel!

VEGGSPJALD

Émile Gautrain, hinn þekkti fésýslumaður, sér fyrir sér sína glæstu framtíð...

(Simon Gautrain birtist, með háseta á hælunum)

ÉMILE

Þú ert þungbúinn, litlibróðir...

(Simon bendir hásetunum sem bera farangur hans á að stansa)

SIMON

Já, ég er þungbúinn.

ÉMILE

Þér finnst að þessi litli útúrdúr um Valparaiso hafi kostað okkur dálaglega summu...

SIMON

Nei, það er ekki það. Þú hugsar bara um peninga! Ég er órólegur vegna Rachelar. Þetta er erfitt ferðalag! Hún er svo viðkvæm...

(Við léttadrengina)

Við förum ekki um borð...

(Simon sendir farangurinn til baka og það veldur hörðum viðbrögðum hjá Émile)

ÉMILE

Stans! Hvað ertu að gera? Ætlarðu að yfirgefa mig?! Þó að salan á saltpétursnámunum okkar í Chile hafi farið fram úr vonum okkar og þó að Ástralía standi okkur til boða! Svarta gullið er okkar, minn kæri Simon! Lyng sjór fyrir okkur undir skorpu suðrænnar heimsálfu. Ég þarfnast verkfræðihæfileika þinna. Þú lofaðir mér...

SIMON

En starfsferillinn hennar? Fyrir hverja ætlar hún að syngja í Ástralíu?

ÉMILE

Ég heiti þér því að við byggjum fyrsta óperuhúsið í Ástralíu fyrir hana Rachel þína! Ó, minn kæri Simon! Við tveir, við munum ná lengra en Rothschild og Rockefeller. Þú þekkir Émile þinn!

SIMON

Ó já, ég þekki tælara minn... þetta er meira en ég get staðist, ég treysti þér alltaf.

ÉMILE

Simon, ég er ástfanginn!

SIMON

Þú? Af konu?!

ÉMILE

Nei! Af framförum!

(Émile flautar á hásetana og lætur flytja farangurinn um borð. Hann skilur Simon eftir ráðvilltan á bryggjunni. Vikapilturinn tilkynnir brottförina með litlu bjöllumni sinni. Bjöllu Camille)

VIKAPILTUR

Herra minn, við erum rétt að leggja af stað.

VEGGSPJALD

Eins og alltaf, lætur Simon undan persónutöfrum Émile, og fer um borð til að fara til Ástralíu.

JEAN LAPALETTE

Kabínan!

(Tökuvélin yfirgefur Simon, fer niður í skipið og uppgötvar Káetu læknisins. Í gegnum kýraugun sést vanlíðan Rachelar)

LÆKNIRINN

(Við hjúkrunarkonuna)

Miðað við lélegt ástand hennar ætti hún ekki að ferðast.

(Við Rachel)

Miðað við ástand yðar ættuð þér ekki að fara í slíka ferð. Fylgið ráðum aðdáanda.

RACHEL

Ég er lasin... ég fylgi manninum mínum...

(Það er farið með hana út úr mynd)

GABRIELLE

Bjallan!

(Léttadrengurinn kemur inn í káetuna og dansar af gleði yfir sinni fyrstu skipsferð)

BILLY LÉTTADENGUR

Læknir, það á að fara fyrir Hornhöfða! Þegar við komum til baka verð ég orðinn sjómaður í alvöru!

(Læknirinn hendir honum út. Huang Huang Hshing, starfsmaðurinn í þvottahúsinu kemur til að taka línið og fer aftur)

JEAN LAPALETTE

Paoli fjölskyldan!

(Hásetarnir ná í Paoli fjölskylduna. Þau þurfa að halda aftur af syninum sem brýst um. Skipstjórinn skipar unga manninum, sem að endingu hlýðir, að setjast)

SKIPSTJÓRINN

(Við soninn)

Engum er hleypt um borð nema hann standist læknisskoðun. Ekki hreyfa þig.

(Við lækninn)

Skoðið þetta aumingjans fólk. Ég hef ekki lengur tíma til að senda þau á land til læknis. Uppskipun er lokið. Við verðum að leggja í hann, megi guð vera með okkur!

LÆKNIRINN

Eins og skot.

(Skipstjórinn fer)

Paoli fjölskylda, bíðið frammi.

(Móðirin, faðirinn og Amalia, dóttir þeirra, eru kyrr við dyrnar)

Engir smitandi sjúkdómar. Hafið þér aldrei verið handtekinn? Hafið þér tekið þátt í óeirðum eða mótmælafundum? Hafið þér framið eða haft í huga að fremja glæp?

Sonurinn

(Við móðurina)

Hvernig á ég að svara?

MÓÐIRIN

Þú svarar auðvitað nei. Sonur minn vann í versluninni.

FAÐIRINN

Við erum kaupmenn í Palermo.

LÆKNIRINN

Allt er eðlilegt. Og þá eruð það þér, fröken...

SONURINN

Bíðið aðeins! Ég er með spurningu fyrir lækinn.

MÓÐIRIN

Þú þarf ekkert að spyrja lækinn. Læknirinn er að flýta sér.

(Hún ætlar að ná í son sinn, læknirinn gengur á milli)

LÆKNIRINN

Leyfið syni yðar að tala frú. Hver er spurningin? Smá kynlífsvandamál?

FAÐIRINN

Sonur minn er fullkomlega skapaður.

LÆKNIRINN

Æ! Ætlar öll fjölskyldan að skipta sér af! Þér getið sagt mér allt.

SONURINN

Hvernig á ég svo að snúa mér hvað varðar líkbrennsluna.

LÆKNIRINN

Meinið þér „líkamsstillinguna“?

SONURINN

Stillinguna? Ég hef engan áhuga á henni. Nei, líkbrennsluna. Ég verð að vita það læknir. Er frelsi til að láta brenna sig í Ástralíu? Ég vil ekki láta loka líkið af mér niðri í kistu, aleitt undir stórrri heimsálfu. Við brennslu mun svipur minn aftur á móti líða eins og í draumi um hlið úr filabeini og horni. Allir vita það á Ítalíu.

LÆKNIRINN

Vita allir það á Ítalíu?

SONURINN

Já, og jafnvel páfínn hefur hóttað okkur!

LÆKNIRINN

Ég býst við að hann hafi skrifað ykkur?

SONURINN

Skrifað? Páfinn kemur skilaboðum sínum öðru vísi á framfæri...

FAÐIRINN

Læknir, þér sjáið vel að sonur minn er drukkinn.

(Faðirinn slær soninn, læknirinn gengur á milli)

SONURINN

Ég er ekki drukkinn! Ég berst fyrir réttinum til að ákveða með hvaða hætti ég hverf úr efnisheiminum.

LÆKNIRINN

Það er engin líkbrennsla í Ástralíu!

SONURINN

Ég vissi það! Ég fer ekki!

LÆKNIRINN

Róið yður, þér farið ekki *(við hjúkrunarkonuna)* Látið þau fá vegabréfin sín!

(Hjúkrunarkonan lætur hann fá vegabréfin)

MÓÐIRIN

Læknir, gefið okkur tækifæri! Gerið okkur kleift að flýja volæðið....

LÆKNIRINN

Það er ekki til neins frú. Snúið aftur til Ítalíu.

FAÐIRINN

Til að deyja úr hungri?! Aldrei!

MÓÐIRIN

Barnið mitt er ekki hættulegt. Hann hefur aldrei skaðað neinn. Svo verðum við í miðri eyðimörk þarna! Faðirinn mun vinna. Ég mun vinna. Eigið þér son? Hann var í svo góðu ástandi í gær. Sjáið, hann segir ekkert meira.

LÆKNIRINN

Frú, geðveiki er harðbönnuð. Hann gæti drepið saklausan farþega.

MÓÐIRIN

Saklausan?! Við erum líka saklaus!

(Læknirinn flautar á hásetana. Paoli fjölskyldan er tekin burt með valdi)

JEAN LAPALETTE

Allir á sinn stað!

(Allir undirbúa að breyta sviðmyndinni. Amalia neitar algjörlega að fara)

AMALIA

Ég er með miða! Skoðið mig! Ég er við góða heilsu.

(Hásetinn lyftir henni upp en hún rígheldur í dyrastafinn)

JEAN LAPALETTE

Snúið!

(Sviðmyndinni er snúið og nú snýr myndavélin að káetuganginum)

AMALIA

Þarf ég að dröslast með þennan brjálæðing allt mitt líf!?

MÓÐIRIN

Vertu ekki svona grimmi Amalía. Bróðir þinn þjáist!

AMALIA

Þarf ég að gjalda fyrir son þinn! Ég fer ekki frá borði. Ég er með miða!

(Hún veifar miðanum sínum)

FAÐIRINN

Ég skipa þér að fylgja okkur. Þú þekkir ekki á lífið.

AMALIA

Þekki ég ekki á lífið? Hver borgaði miðana okkar? Ég! Hafið þið spurt sjálf ykkur í eitt einasta skipti hvernig? Ég fer. Þegar þið eigið peninga, komið og hittið mig í Ástralíu!

MÓÐIRIN

Komdu til baka með okkur elsku barnið mitt.

AMALIA

Til baka til Sikileyjar?! Frekar dey ég!

(Móðirin reynir enn að taka dóttur sína með. En hún verst heiftarlega og hrindir móður sinni sem fellur í fang hásetanna. Móðirinn kemst á fætur og Amalía hendir sér í fang hennar)

Elsku mamma mín!

MÓÐIRIN

Skrifarðu mér?

(Móðirin lætur leiða sig í burtu. Brjálæðingurinn faðmar systur sína og fer. Gabrielle fer út úr rammanum og veifar kveðju-vasaklúnum fyrir frama linsuna til að draga athyglina aftur að upphafspunkti. Jean kallar skipanir sínar fyrir næstu töku)

JEAN LAPALETTE

Stefnið! Ramminn! Seglið! Löðrið!

(Handriðin afmarka stefni skipsins, seglið rís, ramminn hverfur og Jeannot er hífður upp)

Louis! Víðskot á nafn skipsins...

LOUIS

Ha?

JEAN LAPALETTE

Á nafn skipsins!

(Farþegarnir birtast, einn af öðrum, á þilfarinu)

LOUIS

Það er ekkert nafn Jean!

GABRIELLE

Tommaso, nafn skipsins!

(Tommaso grípur auglýsingaborða sem liggur þarna og á stendur Brjálaðar vonir. Hann er hengdur upp á handriðið á stefninu. Hinir farþegarnir sameinast Amaliu, Toni og Gervaise sem byrjar að humma Internationalinn á meðan allir kasta pappírsmum og myndavélin fylgir andlitum þeirra sem eru að fara á vit þess sem þeir virðast þekkja. Camille lætur Internationalinn ganga alveg að enda viðlagsins)

JEAN LAPALETTE

Takk fyrir allir.

(Allir reyna að ná aftur andanum eftir þessa löngu og flóknu töku, sem Jean virðist ánægður með. Tökur sem fylla heila spólu. Skipið heitir nú Brjálaðar vonir. Félix er mjög snortinn)

FÉLIX

Oh! Takk Tommaso, kærar þakkir. Kærar þakkir Jean, takk Gabrielle. Veitingahúsið mitt mun ferðast yfir heimshöfin... hvílíkur heiður. Þetta er eins og draumur!

JEAN LAPALETTE

Gott, and now, let us go to Windsor Castle!

(Handriðið er tekið í burtu, seglið er lækkað og allir hverfa til að koma aftur sem Englendingar. Flora kemur með dagblaðið til Jean en hann kærir sig ekki um það)

RÖDDIN

Fréttirnar bárust.

(Hún réttir það þá til Tommaso)

Í dagblaði Clémenceau „Hinn frjálsi maður“, mátti lesa eftirfarandi þennan morgun: Það væru mikil mistök að nota árásina í Sarajevo sem afsökun fyrir pólitískum átökum gegn Serbum, og láta þar með drauma morðingjanna rætast: Að skapa gjá milli þjóðanna tveggja sem búa í ríkinu; að hvetja til átaka milli tveggja þjóðarbrotu sem myndu soga með sér alla Evrópu, vegna glæps sem framinn var af litlum hópi brjálæðinga og æsingamanna væri enn verri glæpur. Það væri eins og að leggja örlög þjóða, örlög alls mannkyns, í hendur brjálæðinga og glæpamanna.

(Næsta leikmynd er undirbúin. Hópnum gengur vel, allir eru farnir að þekkja sitt ábyrgðarsvið)

TOMMASO

Hvað finnst ykkur um þetta? Austurríki ógnar Rússlandi með því að ögra Serbíu... Það verður stríð, ég er að segja ykkur það!

JEAN LAPALETTE

Nei, það verður ekkert stríð!

TOMMASO

Ef Evrópskir sósíalistar fara ekki í evrópskt allsherjarverkfall förum við beina leið í stríð...

JEAN LAPALETTE

Stríð, stríð! Þú gerir mig brjáláðan! Ég segi þér að ég þekki Frakka! Ég fékk ekki bara ríkisborgararétt fyrir þrjátíu árum! Ég er fæddur hérna Tommaso! Frakkar munu ekki taka þátt og það verður ekkert stríð! Nú þarf að berjast fyrir menntun! Farðu að undirbúa þig!

(Tommaso, greinilega pirraður, fer til að undirbúa sig)

Hann talar við mig um stríð! Ég vil heyra talað um ímyndunarafl, leikara, hæfileika, kvikmyndir. Ekki stríð og dauða! Og hvar eru allir? Hvað þurfið þið eiginlega mikinn tíma til að undirbúa ykkur í guðs bænnum!

(Jean er áhyggjufullur, órólegur, næstum sár. Hann fær sér sæti í leikmyndinni, loftfímleikakonurnar nudda á honum axlirnar. Félix birtist, glæsilegur í skotapilsu, frá veitingastaðnum)

FÉLIX

Camille! Þeir voru að koma með nýja lírukassann! Jean, hlustaðu á þetta! Marthe, koma svo!

(Félix þræmmar í takt við hávaðann úr lírukassanum. Honum finnst hann vera aðalmaðurinn þegar öll hin þyrpast inn á sviðið fyrir atriðið í Englandi)

JEAN LAPALETTE

Mjög gott Félix! Kærar þakkir gamli minn! Félix, nú viljum við gjarnan byrja! Félix! Takk!

(Félix hvorki vill né getur hætt)

(kominn í þrot) Stöðvið lírukassann!

(Með eftirsjá, hættir Félix. Jean uppgötvar Vassili sem blæjusveipaðan siðgæðisvörð)

Gabrielle, hvað er þetta?

(Siðgæðisvörðurinn hvíslar einhverju að Gabrielle)

GABRIELLE

Frú Bottom... ehh, afsakið, frú Blossom... I'm sorry.

JEAN LAPALETTE

Hver átti þessa hugmynd?

GABRIELLE

Þetta er hugmynd þess frelsis sem þú gefur leikurunum þínum.

JEAN LAPALETTE

Þess frelsis sem ég gef leikurunum mínum... (bendir á rococostól) Og hvað er þetta?

GABRIELLE

Þetta er litli stóllinn sem frú Bottom ... eh Blossom ætlar að setjast á.

JEAN LAPALETTE

Gott og vel, taktu hana af honum, settu hana á litla stólinn sinn og höldum áfram með atriðið.

(Hann kemur auga á bók frú Blossom)

And what is the book? Greifinn af Bragalonne! Engin tengsl. Allt í lagi, þú mátt vera kyrr, en þú ert ekki mín hugmynd. Gott, þetta nægir!

(Tommaso birtist í gerfi Darwins)

Þó að þetta sé skemmtilegt atriði er þetta alvarlegt atriði, þetta er pólitískt atriði, þetta er and-nýlendulegt atriði, and- heimsvaldasinnalegt! Öll jörðin er vegin og metin, henni skipt upp og hún gerð að nýlendu! Verum pólitískt vakandi!...

(Hann sér að hægindastólinn er auður)

Somebody is missing.

(Ungfrú Mary, nú Victoria, keisaradrottning Indlands, birtist loks, með Churchill á hælunum. Jean gefur henni bendingar um að hún sé sein en við skynjum að hann blíðkast því lengur sem hann horfir á hana. Þetta er ást. Allir sjá það. Jean kemur aftur til sjálfs sín)

Schubert, viltu snúa sveifinni góði minn?

SCHUBERT

Ég sný sveifinni.

JEAN LAPALETTE

Camille! „Trommur og tónlist“!

(Camille lætur ekki segja sér það tvisvar)

VEGGSPJALD

Drottning og keisaraynja Indlands, Victoria og hinn frægi vinur hennar Charles Darwin leika sér í stríðsleikjum.

(Darwin og Victoria spila stríðsleik. Atriðið er skrípalegt, í samræmi við tíðarandann)

BRYTINN

Forsætisráðherrann!

(Inn kemur Louis í hlutverki Salisbury, móður og mäsandi. Hann er óþekktanlegur. Hann er orðinn aðalförðunarmeistarinn og flinkastur í leikgerfum. Jean á stundum í erfiðleikum með að halda aftur af honum)

VICTORIA

Þér eruð bara móður Lord Salisbury?

LORD SALISBURY

Þeir eru farnir!

VICTORIA

Hverjir?

LORD SALISBURY

Þýsku njósnararnir! Í fimm ár hafa þeir verið að hnýsast hérna hjá okkur, sannfærðir um að við séum að fela ættingja þinn, erkihertogann af Hafsbúrg-Toskaníu!

VICTORIA

Jean Salvatore? En hann hvarf við mor... afsakið... við sjálfsmorð Rodolphe, frænda míns. Földum við hann?!

LORD SALISBURY

Alls ekki! Við vitum ekki einu sinni hvar hann er! Hann slapp úr greipum þeirra daginn eftir mor... afsakið sjálfsmorðið. Við höfum nýlega frétt að hann hafi farist þegar skipið hans fórst við Falklandseyjar. Það eru fimm ár síðan!! Þeir hafa spreðað stórfé... hahahahah!

VICTORIA

Við að elta dauðan mann! hahahaha! We are amused!!

LORD SALISBURY

Takið eftir yðar hátign, að hann dó á okkar yfirráðasvæði! Falklandseyjar tilheyra okkur þegar allt kemur til alls. En 80.000 kílómetra frá London!!

VICTORIA

Hjá okkur, 80.000 kílómetra frá London. En hvar eru þær nákvæmlega? Sýnið okkur það herra Darwin.

JEAN LAPALETTE

Já! Leikurinn er búinn og nú er þetta orðið alvarlegt Victoria, mjög alvarlegt.

(Allur hópurinn hrífst með af hrynjandi tónlistarinnar, eins og aðalpersónurnar, og fer um eins og dansandi mergð)

DARWIN

Þær eru rauðar yðar hátign. Allt sem er rautt er ríki yðar.

VICTORIA

En ég sé þær ekki...

DARWIN

Neðar, yðar hátign. Við förum frá Montevideo og höldum áfram niður að enda Suður-Ameríku.

VICTORIA

Eins og Indland, bara mjórra.

DARWIN

Og hérna sjáum við eyjaklasann. Hérna, sunnan við hið fræga Magellansund, sjáið þér Eldland...

VICTORIA

Og allt þetta hérna?

DARWIN

Tilheyrir engum.

VICTORIA

Engum? Eldland tilheyrir engum! Allt þetta til einskis? Og þetta, þessir óteljandi blettir?

DARWIN

Þúsundir eyja án yfirráðamanns. Magellanía.

VICTORIA

Þessir hlutar jarðarinnar tilheyrja engum? Maður verður ringlaður.

(Drottningin hrapar afturábak niður í stólinn sinn. Allir þyrpast að til að fríska hana með blævaengjum)

JEAN LAPALETTE

Þvílík þræslund. Hvílík þræslund, drottinn minn dýri! Hvað get ég sagt? Þetta er nóg! Út með þræslundina!

DARWIN

Svo margir skipsskaðar hafa orðið á þessum slóðum að þær eru orðnar yfirnátúrulegar. Og þarna, rétt fyrir norðan Hornhöfða er Beagle sund! Nefnt eftir skipinu sem uppgötvaði það, með mig innbyrðis. Það var þarna, á endimörkum veraldar, sem ég fékk hugljómunina.

VICTORIA

Hornhöfði? Svo þetta er hann? Þessi litli klettur? Hann virðist vera mjög neðarlega á jörðinni. Hvernig er veðrið þarna?

DARWIN

Af öllum svæðum í heiminum er þessi sá kaldasti, sá vindasamasti, sá ofsafengnasti, sá eyðilegasti. Sólin er jafn sjaldséð þarna og í fangelsi. Trén koma upp kræklótt og hallandi vegna sífellds roks, og samt sem áður...

LORD SALISBURY

Yðar hátign er kalt.

VICTORIA

Ég er frosin!

JEAN LAPALETTE

She is cold...

GABRIELLE

Sjalið frú! Sjalið...

(Einhver kemur með sjalið. Síðan með te)

JEAN LAPALETTE

Já, takk þjónn... no tea! no tea!

VICTORIA

Er það landfræðilegt? Er það mannlegt? Þetta getur ekki verið land!

DARWIN

Reyndar, yðar hátign, höfum við aldrei séð svona land. Öldurnar geysast yfir skipin og hvolfa þeim á augabragði. Þér eruð aðeins padda, yðar hátign, þorskur, ánamaðkur. Þetta er land fyrir jötna, og indíáni sem lifir slíka krafta af er ofurmenni, eins og Nietzsche hefði sagt.

VICTORIA

Indíánar, herra Darwin?

DARWIN

Þokkafullir, einstakir einstaklingar, með yfirnáttúrulega lipurð.

CHURCHILL

Eruð þér að tala um Alacalufana? Þér lýstuð þeim sem hræðilegum, varla mannlegum!

DARWIN

Ég var ungur og vitlaus!

JEAN LAPALETTE

Þetta er pólitískt atriði!

VICTORIA

Það á enginn þetta land! Við viljum það! Salisbury!

LORD SALISBURY

Enn ein nýnýlenda....yðar hátign?

VICTORIA

Nú er komið nóg af tafsi! Þér gerið mig óþolinmóða. Við viljum skýrslu, á morgun. Með nákvæmum útreikningum. Með verði slíkrar aðgerðar. Með. Á móti.

LORD SALISBURY

Á morgun, á yðar tíma, yðar hátign.

CHURCHILL

Nákvæmum útreikningum, skilið!

VICTORIA

En umfram allt, herrar mínir, þagmælska.

JEAN LAPALETTE

And now, to the camera!

VICTORIA

(í myndavélina) Ef Argentína og Chile sjá okkur hreyfa okkur, munu þeir strax hætta að rífast og sameinast gegn okkur. Þessvegna, leynd í nafni ríkisins! Úff hvað mér er heitt. Okkur hefur gengið vel í dag.

JEAN LAPALETTE

Hún fer út! Síkar, út úr kvikmyndinni!! Farið út!

(Hún fer út, með Salisbury á hælum sér, skjaldsveininn, o.so.frv. Jean vill ekki trufla myndatökuna)

Dveljum við Darwin!

(Og Schubert og Gabrielle spinna óvænt atriði í kringum hinn sofandi Darwin)

SCHUBERT

Vindinn á Darwin, snjóinn á Darwin!

JEAN LAPALETTE

Mary, reykurinn!

DARWIN

Mér hefði þótt dásamlegt að sjá þessar ofsafengnu strendur aftur.

SCHUBERT

Ísbreiða fyrir aftan!

GABRIELLE

Málverkið!

JEAN LAPALETTE

Ísbreiða framundan, undir eins!

SCHUBERT

Indíáni!

JEAN LAPALETTE

Nei! Ekki índíána! Ekki índíána!

GABRIELLE

Málverkið á ská!

GABRIELLE OG SCHUBERT

Tommaso, hann fer! Nei! Aftan frá. Snúðu við!! Svona.

(Darwin hverfur aftur fyrir ísbreiðuna)

JEAN LAPALETTE

Takk fyrir! Og á morgun....til Magellaníu!

(Hann leitar að Maríu)

María? María...

(Þrátt fyrir að allir séu að fylgjast með, fer hann með hana í vinnustofuna. Tommaso er mjög ánægður með atriðið og sviðshreyfingarnar. Schubert er fullur aðdáunar, Gabrielle líka, hún er glöð og henni er létt. Jeannot kemur inn, með eintak af dagblaðinu L'Humanité í hendinni, fer til Gabrielle og síðan til Tommaso. Á meðan Tommaso les blaðið, er leikmynd fyrir næsta atriði sett á sinn stað. Uppstillingin, ásamt tónlistinni, skapar sögulega stemninguna fyrir verkið)

RÖDDIN

Það voru líka stundum góðar fréttir! Þann 16. júlí 1914, hafði Jaurés rétt lokið við að tala fyrir hönd sósíalístaflökksins á þinginu. Í nokkrum orðum hafði hann skilgreint aðþjóðlegt markmið þessa þings. Milljónir evrópskra sósíalísta voru

ákveðnir í að berjast gegn heimsvaldastefnunni og stríðinu. Já, milljónir í Evrópu, sameinuðust undir orðum Jaurés. Og allir voru sammála um að stríð væri ávöxtur félagslegs óróleika sem væri ávöxtur kapitalískra hvata. Þeir vildu ekki kjósa um fjárlög smáborgaralegs ríkis! Morð yrðu ekki umborin. Alþjóðleg mótmæli voru skipulögð. Það var talað um allsherjarverkfall í Evrópu! Menn forðuðust hyldýpið.

(Jean er kominn aftur á settið. Victoria hefur vikið fyrir ungrú Mary, sem enn á ný hugsar ekki um neitt nema reykvélina sína og brellurnar)

JEAN LAPALETTE

Jæja, þetta er ekkert flókið. Við erum fyrir framan kofa ríkisstjórans, á bökkum Beagle sunds. Hann bíður eftir fulltrúum ríkisstjórna Argentínu og Chile. Skiljið þið mig? Hann vill að þeir undirriti samning sem mun fastsetja fyrir fullt og allt þessi frægu landamæri sem hafa verið svo umdeild, og við munum sjá hvers vegna þeir munu hafa áhuga á að gera það. Gabrielle mín, ég bið þig, farðu á þinn stað. Gabrielle, sveifin.

GABRIELLE

Ég sný sveifinni.

JEAN LAPALETTE

Áfram nú. Vindurinn, snjórinn, fuglinn...ríkisstjórinn...Félix!

(Það er Félix, í skotapílsi og með veiðihúfu)

VEGGSPJALD

Höll ríkisstjórans í Patagóníu, síðasta héraðið áður en við taka ótamin lönd.

RÍKISSTJÓRINN

Sjáið þetta símskeyti, Rodrigo! Lundúnir! Englendingar líta hýru auga til Magellaníu! Ég hef stefnt fulltrúum ríkisstjórna Chile og Argentínu á minn fund. Það er eins gott að þeir ákveði að skrifa undir samninginn um þessi landamæri. England getur ekki lengur látið sem þetta land tilheyrir engum!

RODRIGO

Þeir eru komnir ríkisstjóri!

JEAN LAPALETTE

(Hvíslandi leiðbeiningar sínar) Og þarna koma þeir inn fulltrúarnir tveir. Takið ykkur tíma.

(Suzanne og Anita, sem leika fulltrúana, koma inn í mynd)

Þeir tala, þeir ræðast við, þeir eru jafnvel ósammála.

(Anita gefur Suzanne einn á 'ann)

Klippa! Anita! Ég sagði „Ósammála“. Af hverju lamdirðu hana?

ANITA

Ég er Argentína. Chile móðgaði mig.

JEAN LAPALETTE

Það er alveg sama! Þið sláið ekki. Nei. Þeir ræða málin, þeir þjarka. Þið eruð fulltrúar ríkisstjórna, þið eruð pólitískir embættismenn. Þeir sendu ekki bara hvern sem var til að semja. Ef þið vilduð gera svo vel, við endurtökum þetta.

(Allir taka sér stöðu)

Gabrielle, snúðu sveifinni.

GABRIELLE

Ég sný sveifinni Jean.

JEAN LAPALETTE

Tveir fulltrúar koma inn. Takið ykkur tíma, vanda sig, vanda sig, þeir koma nær. Þeir pefa, þeir ræða. Þó að þeir séu ekki alveg sammála þá skiptir það ekki miklu máli.

(Aftur gefur Anita Suzanne á 'ann)

Klippa! Klippa! Ég vil gjarnan dálítinn skrípaleik, dálítið hugmyndaflug, en atriðið okkar er pólitískt. Suzanne, Anita, þetta eru tveir diplómatar, og hana nú, tveir diplómatar! Þeir eru háskólamenntaðir. Það eru háskólar í Santiago, í Buenos-Aires. Þetta atriði verður að fordæma þjóðernisheimskuna sem ríkir meðal landnema Suður-Ameríku. Og um leið, valdníðslu landnema alls heimsins.

(Jean fer aftur að myndavélinni, Anita og Suzanne fara aftur á sinn stað)

Ef þið viljið gera svo vel. Í þetta skipti erum við sammála, þetta verður góð taka. Camille, þú ert með okkur. Gabrielle, snúðu sveifinni.

GABRIELLE

Hún snýst.

JEAN LAPALETTE

Fulltrúar ríkisstjórna Chile og Argentínu koma inn. Þeir verja hagsmuni sína...

(Og aftur gefur Anita Suzönnu einn á 'ann)

Klippa! Klippa!

(sem breytist í rassskelli þrátt fyrir mótmæli allra)

Anita! Suzanne! Klippa! Getið þið ekki leikið? Ef það er þannig verðum við að breyta hlutverkaskipaninni. Þetta er pólitískt atriði, með skilaboðum sem eru and-nýlendustefnuleg, ég ætla ekki að endurtaka það hundrað þúsund sinnum. Mér þykir fyrir því.

(Suzanne gefur frá sér reiðiöskur og hleypur í átt að stiganum)

Þetta er allt í lagi Suzanne, þú leikur eitthvað annað. Það eru sjötíu og tvö hlutverk í myndinni. Suzanne, þetta er allt í laaaaaaagi!

(Suzanne kemur aftur og slær Jean sem fellur við)

ANITA

Suzanne, þú slóst herra Jean!

(Suzanne slær Anitu sem beygir sig)

TOMMASO

En þetta er fínt Jean. Dálítið skrípalegt, það er hrár sannleikurinn, mér líkar það... við erum þegar allt kemur til alls að búa til vinsæla kvikmynd...

(Suzanne slær Tommaso. Tommaso endurgeldur höggið. Atriðið verður skrípa-slagsmál)

Snúðu sveifinni Gabrielle!

GABRIELLE

Já, prófum það! Það gengur!

VEGGSPJALD

Þó ríkisstjórinn reyni eins og hann getur...þeir láta ekki sannfærast! Ekkert gengur. Kænska, mýkt, persónutöfrar. Þessir tveir álfar neita að hlusta. Engin leið til að fá samninginn undirritaðan. Tveir öskureiðir fulltrúar!

(Slagsmálin hefjast fyrir framan káetuna... og halda áfram inni)

JEAN LAPALETTE

Sjáið hver kemur! Ó já, þetta er fyrir þá. Englendingar!

(Alix kemur inn í mynd, allur rauðklæddur. Hann leikur Lieutenant Laurence)

VEGGSPJALD

Enska heimsvaldastefnan mun láta alla þjóðernissinnana standa saman!

JEAN LAPALETTE

Enska heimsvaldastefnan mun láta alla þjóðernissinna standa saman!

GABRIELLE

Englendingurinn leitar að húsinu! Hann finnur það ekki!

JEAN LAPALETTE

Jæja, þeir skilja það! Það verður að skrifa undir! Það verður að skrifa undir! Þeir skilja það.

(Smám saman fer atriðið ú böndunum og allir slást vinstri hægri. Camille, galdrakarlinn sá, hefur rambað á tónlist sem örvar þessi kátu slagsmál)

GABRIELLE

Það verður að skrifa undir.

JEAN LAPALETTE

Það verður að skrifa undir, erkibjárnir ykkar! Klippa! En hleypið mér samt framhjá. Þetta er ekki nógu skýrt! Það verður að vera einhver merking í þessu! Það verður að koma þeim í skilning um að þessir tveir fábjárnar, því það er þannig sem þið leikið þá, verða að fallast á skiptingu landsins og uppdrátt landamæranna, annars taka Englendingarnir þá í bakarið!! Svona nú! Þetta hlýtur að vera skýrt! Svona, gerum þetta aftur, Camille! sveifin! Englendingarnir koma aftur. Hinir heimsveldislegustu allra heimsveldislegra.

GABRIELLE

Varaðu þig Jean, þú ert í mynd!

JEAN LAPALETTE

(Við ríkisstjórnann og fulltrúana) Þeir sjá hann, þeir stansa.

(Við Laurence) Nei, ekki þú! Þú ert týndur. Englendingarnir eru týndir í óveðrinu.

GABRIELLE

Það verður að skrifa undir!

(Veggspjöldin hafa enga merkingu lengur. Félix sem breiðir úr þeim hefur ruglað röðinni og merkingunni!!)

Bibliographie

- Benchenouf, D. « 350.000 Algériens immigrés clandestins en France », *Agora vox*, 3 juillet 2007, <http://www.agoravox.fr/actualites/international/article/350-000-algeriens-immigres-26339>
- Ceccatty, René de. « La cellule, le désert, l'ouragan, Entretien avec Hélène Cixous », *Monde des livres* 16 décembre 2005, pp. 13-19.
- Celik, Oliver. « Une utopie en partie réalisée », *L'avant –scène théâtre* numéro 1284-1285 (2010), pp. 9 -14.
- Darge, Fabienne. « Ariane Mnouchkine surprend en adaptant Jules Verne : Rencontre avec l'animatrice du Théâtre du Soleil, avant sa nouvelle création, « Les Naufragés du Fol Espoir » ». *Le Monde*, 2/4/2010, p. 22.
- Dusigne, Jean-François. *Le Théâtre du Soleil, Des traditions orientales à la modernité occidentale*. Aurillac : Baccalauréat théâtre Centre national de documentation pédagogique, 2003.
- Féral, Josette. *Dresser un monument à l'épémère, rencontres avec Ariane Mnouchkine*. Paris : Éditions THEATRALES, 1995, 2001.
- Frumkin, Gregory. « Population Changes in Europe Since 1939 (European estimates) » <http://warchronicle.com/numbers/WWII/deaths.htm>
- Héliot, Armelle. « Ariane Mnouchkine, l'éclat du Soleil », *L'avant –scène théâtre* numéro 1284-1285 (2010), pp. 7 - 8.
- Héliot, Armelle. « De métamorphose en métamorphose », *L'avant –scène théâtre* numéro 1284-1285 (2010), pp. 25 - 31.
- Hornby, Richard. « Mnouchkine », *The Hudson Review* Vol. 65 Issue 3 (2012), pp. 479 - 485.
- Napoli, James J. of the Washington Report, « Flame. The 1961 Massacre of Algerians in Paris: When the media failed the test », Mars 1997, http://www.fantompowa.net/Flame/algeria_napoli_article.htm
- Nivière, M.-C. « Ariane Mnouchkine garde le secret sur sa nouvelle création », *Première*, 26/01/2010, p. 1-2.
- Pascaud, Fabienne. « L'aventure épique du Théâtre du Soleil » *L'avant –scène théâtre* numéro 1284-1285, (2010), pp. 15 - 22.
- Rockwell, John. Sept.1992, Behind the Masks of a Moralizer: Ariane Mnouchkine, loved by many but ... », *New York Times*. P H1 & H5, New York.

Salino, Brigitte. « „Les Naufragés“, quel voyage! Le spectacle d'Ariane Mnouchkine par son Théâtre du Soleil est un enchantement ». *Le Monde*, 2/16/2010, p. 22.

Shine, Clare. « Les Naufrages du Fol Espoir ». *Financial Times*, 24 Feb 2010, p. 13.